

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Kirkjuteigur 24, Laugarnesskóli.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 11. júní 2021, breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis vegna lóðarinnar nr. 24 við Kirkjuteig, Laugarnesskóli. Í breytingunni felst að heimilt verði að fjölga færanlegum kennslustofum um tvær á byggingarreit B auk þess að koma fyrir yfirbyggðu hjólaskýli nyrst á bílastæði Laugarnesskóla. Bílastæðum fækkar við það um fimm. Afmarkaður reitur er einnig fyrir hjólastæði við inngang skólans norðanmegin. Ekki er gert ráð fyrir yfirbyggðum hjólastæðum þar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Frostafold 33.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 25. júní 2021, breytingu á deiliskipulagi Foldahverfis, 4. og 5. áfanga, vegna lóðarinnar nr. 33 við Frostafold. Í breytingunni felst að skilgreindir eru tveir byggingarreitir. Innan breytts byggingarreits núverandi húss má auka byggingarmagn. Í suðausturhorni lóðar er aðskilinn byggingarreitur afmarkaður fyrir yfirbyggða sorp- og hjólageymslu. Fyrirkomulagi bílastæða og aðkomu að lóð er einnig breytt. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Grettisgata 98.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 25. júní 2021, breytingu á deiliskipulagi reits 1.240.3 vegna lóðarinnar nr. 98 við Grettisgötu. Í breytingunni felst að heimilt verði að setja svalir á austurgafli hússins í tengslum við núverandi kvist. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 1. júlí 2021.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 15. júlí 2021